



## Stjórn SSH 358. fundur

**Mánudaginn 10. janúar** 2011 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson, Gunnar Einarsson, Guðrún Pálsdóttir, Pálmi Másson, Dagur B. Eggertsson og Guðný G. Ívarsdóttir. Ennfremur sat Gunnar Rafn Sigurbjörnsson fundinn í forföllum Guðmundar Rúnars Árnasonar. Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sat einnig fundinn og ritaði fundargerð. Dagur B. Ebbertsson vék af fundi kl. 13:05.

Þetta gerðist:

### 1. Stefnunótun v. almenningssamgangna

Fundinn sátu undir þessum lið Hermann Sæmundsson og Rúnar Guðjónsson frá Innanríkisráðuneyti, Kristín Sigurbjörnsdóttir frá Vegagerð ríkisins og Þorsteinn Hermannsson ráðgjafi.

Kynnt voru helstu atriði í vinnu starfshóps sem nú vinnur að gerð tillagna um stefnunótun v. ríkisstyrktra almenningssamgangna sem nú er unnið að í Innanríkisráðuneyti.

Umræður

#### Niðurstaða:

Stjórn SSH leggur áherslu að tekið verði upp samstarf milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og ríkisvaldsins við skoðun og mótun leiða til að efla og styrkja almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu með aukinni aðkomu ríkisvaldsins að framkvæmd þess verkefnis. Stjórnarmenn lögðu áherslu að almenningssamgöngur verði raunhæfur kostur fyrir íbúa svæðisins.

### 2. Skíðasvæðin – rekstrar- og framkvæmdaáætlun 2011

Fyrir lá minnisblað framkvæmdastjóra SSH og Ómars Einarssonar forstöðumanns ÍTR vegna endurskoðaðrar rekstrar- og framkvæmdaáætlunar skíðasvæðanna fyrir árið 2011.

Umræður

#### Niðurstaða:

Umræðum og afgreiðslu frestað til næsta stjórnarfundar SSH að beiðni DBE.

### 3. Stjórnsýsluúttekt v. byggðasamlaganna

Fyrir lá minnisblað framkvæmdastjóra ásamt tillögum að tveimur erindisbréfum, annars vegar vegna skipan sérstaks „rýnihóps um rekstrar- og fjárhagsúttekt á byggðasamlögum“ og hins vegar „Úttektarblað – stjórnsýsluúttekt á byggðasamlögum“

Umræður



**Niðurstaða:**

Samþykkt að sú rekstrar- og stjórnsýsluúttekt sem samþykkt var á fundi stjórnar 13. desember sl. verði unnin tvískipt í samræmi við tillögu í minnisblaði framkvæmdastjóra og á grundvelli fyrirbyggjandi tillagna að erindisbréfum.

**4. Tilfærsla á þjónustu við fatlaða - stöðuyfirferð**

Gunnar Rafn Sigurbjörnsson formaður samráðshóps SSH v. þjónustu við fatlaða gerði grein fyrir vinnu og verkefnum sem tengjast undirbúningi að tilfærslu á þjónustu við fatlaða, stöðu mála og verkefnum framundan. GRS upplýsti að samráðshópurinn mun funda áfram næstu vikurnar.

**5. Mat á áhrifum tillagna um breyttar reglur Jöfnunarsjóðs**

Fyrir lá skýrsla Garðars Jónssonar, R3 Ráðgjöf ehf., með samantekt á mögulegum áhrifum tillagna um breyttar reglur Jöfnunarsjóðs á fjárhag sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Umræður um skýrsluna frestað til næsta fundar. HS sagðist ætla að kynna skýrsluna fyrir bæjarráði hjá sér.

**6. Rekstrarhagræðing í skólum.**

Fyrir lá minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Umræður

**Niðurstaða:**

Samþykkt að vísa máli til fræðslustjóra aðildarsveitarfélaganna til skoðunar.

**7. Álfanes og byggðasamlögin.**

Fyrir lá minnisblað framkvæmdastjóra v. greiðslustöðu Álfaness við byggðasamlögin. Stjórnin felur framkvæmdastjóra að ræða fyrir byggðasamlögin m.v. umræður á fundinum.

**8. Erindi velferðarráðuneytisins til sveitarfélaga v. fjárhagsaðstoðar**

Erindi ráðuneytisins frá 3. janúar 2011 ásamt bókun bæjarráðs Hafnarfjarðar frá 6. janúar sl. lágu fyrir fundinum.

Umræður

**Niðurstaða:**

Stjórn SSH telur eðlilegt að einstakar sveitarsjórnir skoði reglur með innbyggðis tenginum með hliðsjón af erindi ráðuneytisins.

**9. Erindi Félags og tyggingarmálaráðuneytisins v. tilnefningar fulltrúa í vinnumarkaðsráð.**

Fyrir lá erindi ráðuneytisins dags. 21. desember 2010, þar sem óskað er eftir tilnefningu SSH á einum fulltrúa í vinnumarkaðsráð höfuðborgarsvæðisins.

Samþykkt að tilnefnda Guðrínu Pálsdóttur bæjarstjóra Kópavogs. til setu í ráðinu.